




ÁRSSKÝRSLA 2000



VINNSLUSTÖÐIN HF.

ÁRSSKÝRSLA 2000

Aðalfundur Vinnlustöðvarinnar hf.

14. desember 2000

54. starfsár

Stjórn Vinnlustöðvarinnar hf.

Geir Magnússon, formaður

Haraldur Gíslason

Kristinn Hallgrímsson

Víktor Berg Helgason

Örn Gústafsson

Varastjórn

Benedikt Sigurðsson

Gunnlaugur Ólafsson

Framkvæmdastjórn Vinnlustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri

Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Guðni Guðnason, útgerðarstjóri

Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri

Þorsteinn Magnússon, framleiðslustjóri

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 2

Skýrsla framkvæmdastjórnar 3

Aflabrögð og útgerð 6

Aflaheimildir og framleiðsla 9

Horfur og bræðsla 10

Ársreikningur 12


Mynd á kápu

Það gefur á bátinn við Eyjar.

Sighvatur Bjarnason VE 81

í innsiglingunni á leið

til Eyja með fullfermi.



Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu hluthafar!

Nýliðið rekstrarár Vinnslustöðvarinnar hf. var betra en árið þar á undan. Tap félagsins nam 256 milljónum króna, sem er tæplega 600 milljónum króna betri afkoma en á fyrra rekstrarári. Sjálfur reksturinn skilar tæplega 400 milljónum króna af afkomubatanum, sem er ánægjulegt. Framlegðarhlutfall rekstrar er nú um 21% en var liðlega 4%. Það verður að teljast veruleg breyting til batnaðar.

Vinnslustöðin hf. færði niður viðskiptakröfu á hendur P/f Guldrangi í Færeyjum um 85 milljónir króna sem olli miklum vonbrigðum, sérstaklega í ljósi þess að á síðasta ári færði félagið niður umtalsverðar fjárkröfur á hendur sama félagi. Í haust seldi P/f Guldrangur samnefnt skip sitt til Rússlands. Þátttöku Vinnslustöðvarinnar hf. í rekstri skipsins er þar með lokið og ekki kemur til frekari niðurfærslna þess vegna. Þá varð félagið fyrir talsverðu gengistapi síðustu þrjá mánuði rekstrarársins sem hafði veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðuna.

Á rekstrarárinu var heildarafli skipa félagsins 71.000 tonn en var 59.000 tonn árið áður. Aukningin var því 12.000 tonn eða 20%. Rekstrartekjur útgerðar jukust um 91 milljón króna eða um tæplega 9%, úr 1.026 milljónum króna í 1.117 milljónir króna. Skýringar á aukningunni er fyrst og fremst að leita í auknu aflaverðmæti loðnu, enda gekk hrognafrysting félagsins afar vel á liðinni vertíð.

Verðmæti seldra afurða landvinnsludeilda félagsins dróst í heild saman um 220 milljónir króna. Verðmæti framleiðslu landfrystingar félagsins dróst saman um tæplega 500 milljónir króna og skýrist samdrátturinn einkum af þeirri breytingu sem gerð var á rekstrarstefnu félagsins þegar hefðbundin bolfiskfrysting í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum var lögð af. Á sama tíma og hefðbundin landfrysting dróst saman jukust tekjur af saltfiskvinnslu, humri og loðnufrystingu.

Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á liðnu rekstrarári námu 61.000 tonnum eða 12.320 þorskígildistönum. Félagið gerði út alls 7 skip til veiða á árinu, að meðtöldum tveimur skipum Gandí ehf. Vinnslustöðin og Gandí sameinuðust á rekstrarárinu eftir að samrunaáætlun félaganna var samþykkt á hluthafafundi í lok maí 2000. Gandí átti og gerði út neta- og dragnótabátinn Guðjón VE 7 og línubátinn Gandí VE 171. Með sameiningunni jukust veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar um 1.066 þorskígildistönum en aukningin hvarf í kvótaniðurskurði í haust sem leið. Því er hins vegar



ekki að leynd að staða Vinnslustöðvarinnar hf. er sterkari eftir þessa sameiningu en án hennar þar sem skuldir Gandí ehf. voru hlutfallslega litlar.

Á vormánuðum 1998 greip stjórn félagsins til umfangsmikilla ráðstafana í því skyni að endurskipuleggja og breyta áherslum í rekstri fyrirtækisins. Landfrystingu félagsins í Þorlákshöfn var hætt og fisk-

vinnsluhús á staðnum seld til Frostfisks hf. en um leið eignaðist Vinnslustöðin hf. 40% hlut í Frostfiski hf. Bolfiskfrystingu í Vestmannaeyjum var hætt í þeirri mynd sem áður var og nú er þar einungis frystur karfi. Ársreikningur síðasta árs ber þess glögg merki að þær ráðstafanir, sem stjórnin greip til, voru réttar og skynsamlegar.

Í lok síðasta rekstrarárs var ritað undir viljayfirlýsingu um samruna Vinnslustöðvarinnar hf., Ísfélags Vestmannaeyja hf., Krossaness hf. og Óslands ehf. Þær sameiningarviðræður fóru út um þúfur í lok nóvember 1999. Í byrjun júlí sl. var tilkynnt um viljayfirlýsingu stærstu hluthafa Vinnslustöðvarinnar hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf. um samruna félaganna tveggja. Þær viðræður strönduðu í lok október 2000.

Ég flyt stjórn og starfsmönnum Vinnslustöðvarinnar hf. sérstakar þakkir fyrir störf þeirra á liðnu ári með ósk um áframhaldandi rekstarbata á því ári sem nú er nýhafið.

Geir Magnússon
Geir Magnússon
stjórnarformaður

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

INNGANGUR

Rekstur Vinnslustöðvarinnar gekk mun betur á rekstrarárinu 1. sept. 1999-31. ágúst 2000 en árið á undan. Munar þar mestu um rekstrarbata félagsins í landvinnslu, sem er árangur mikillar endurskipulagningar á vormánuðum 1998. Rekstur bolfiskútgerðar var svipaður og árið á undan en rekstur uppsjávarskipa gekk heldur betur. Verð mjöls og lýsis var fremur lágt allt rekstrarárið en rekstur bræðslunnar var svipaður og árið á undan þrátt fyrir talsverða hækkun á olú. Frysting loðnuhrognar gekk hins vegar mjög vel og hækkaði aflaverðmæti uppsjávarskipa. Þegar á heildina er lítið var rekstur bolfiskdeilda félagsins ívið betri en áætlað var en rekstur uppsjávardeilda heldur lakari. Fjármagnsgjöld voru nokkuð hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir en voru mjög svipuð og árið á undan. Önnur gjöld skýrðust einkum af niðurfærslu á viðskiptakröfu á hendur P/f Guldrangi í Færeyjum.

AFKOMA

Rekstrartekjur Vinnslustöðvarinnar námu 2.373 milljónum króna rekstrarárið 1. september 1999-31 ágúst 2000 og drógust saman um líðlega 100 milljónir króna. Samdrátturinn skýrist fyrst og fremst af minni umsvifum í bolfiskfryst-

ingu félagsins. Þar drógust tekjurnar saman um líðlega 400 milljónir króna en jukust aftur á móti í öðrum deildum félagsins sem nemur mismuninum.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 1.872 milljónir króna og drógust saman um tæplega 500 milljónir króna. Hagnaður fyrir afskriftir var líðlega 500 milljónir króna og jókst um 395 milljónir króna. Framlegðarhlutfall félagsins hækkaði úr rúmum 4% í 21% frá fyrra ári. Afskriftir námu 418 milljónum króna og lækkuðu um tæpar 25 milljónir króna frá fyrra ári. Lækkun afskrifta skýrist fyrst og fremst af lækkun á afskriftarhlutfalli aflaheimilda úr 8% í 6%.

Fjármagnsgjöld voru 255 milljónir króna og lækkuðu um 18 milljónir króna frá fyrra ári. Fjármagnsgjöldin eru nokkuð há bæði árin en skýring þess er gengistap sem félagið varð fyrir bæði árin.

Í heildina veldur rekstrarniðurstaða með 256 milljón króna tapi vissulega vonbrigðum. Þrátt fyrir taprekstur eru greinileg og ánægjuleg batamerki í rekstrinum sjálfum. Tap viðskiptakrafna á hendur P/f Guldrangi er óviðunandi en þeirri starfsemi hefur nú verið hætt með sölu skipsins til Rússlands. Ekki má heldur gera lítið úr því að heildarniðurstaða rekstrarreiknings sýnir tæplega 600 milljóna króna bata.



Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar hf. Frá vinstri: Sigurður Friðbjörnsson, Stefán Friðriksson, Sigurgeir B. Kristgeirsson, Þorsteinn Magnússon (sitjandi) og Guðni Guðnason.

EFNAHAGUR

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstrarársins var 5.543 milljónir króna og lækkaði um 136 milljónir króna. Helsta skýringin er að veltufjármunir dragast saman um 353 milljónir króna en samdráttinn má að hluta til skýra með innheimtu viðskiptakrafna gagnvart hlutdeildarfélögum og með þeim áherslubreytingum sem urðu í rekstri félagsins vorið 1998 þegar landfrysting þess var að mestu lögð af. Fjárbinding veltufjármuna lækkar vegna minni umsvifa og birgðahalds. Veltufjárhlutfall félagsins er 0,64 og lausafjárhlutfall var 0,34 en hvoru tveggja lækkaði frá árinu áður.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 1.540 milljónir króna eða 27,8% og lækkaði nokkuð frá árinu áður. Vinnslustöðin hf. sameinaðist Gandí ehf. og var hlutfé aukið um rúmar 240 milljónir króna við sameininguna. Þrátt fyrir það lækkaði eigið fé félagsins en það er eðlileg afleiðing af taprekstri þess á árinu.

Vinnslustöðin hf. fjárfesti fyrir samtals 134 milljónir króna á árinu, aðallega í tækjum og búnaði í fiskiskip auk endurnýjunar búnaðar í landi.

STARFSMENN

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar í lok rekstrarársins voru 160 talsins en að meðaltali störfuðu 175 manns hjá fyrirtækinu á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 721 milljón króna en voru 946 milljónir króna árið áður.

SAMRUNI VIÐ GANDÍ EHF.

Í byrjun febrúar rituðu stjórnir Vinnslustöðvarinnar hf. og Gandí ehf. undir viljayfirlýsingu um samruna félaganna. Samruninn var síðan staðfestur á hluthafafundum félaganna í lok maí síðastliðinn. Gandí ehf. var 23ja ára gömul útgerð en til hennar var stofnað um áramótin 1976/77 með kaupum á 130 tonna vélbáti, Þorbirni II úr Grindavík. Báturinn var

nefndur Gandí VE 171. Árið 1985 endurnýjaði útgerðin skip sitt með kaupum á Haraldi Böðvarssyni frá Akranesi sem hlaut nafnið Gandí eins og forveri þess. Skipið var enn í eigu félagsins við samrunann og heitir nú Guðjón VE 7, 212 brúttórúmllestir og smíðaður í Noregi árið 1962. Árið 1999 keypti félagið línuskipið Loran frá Noregi sem hlaut nafnið Gandí VE 171. Skipið er 279 brúttórúmllestir, smíðað í Danmörku árið 1988. Eigandi Gandí ehf. hefur frá upphafi verið fjölskylda Gunnlaugs Ólafssonar og Kristínar Gísladóttur. Aflaheimildir félagsins fyrir síðastliðnu kvótaár námu 1.066 þorskígildistonnunum, þar af voru tæplega 600 tonn af þorski.


Við sameininguna var hlutfé félagsins aukið um 240.075.000 krónur eða um 18,1% og er það í dag 1.565.000.000 krónur. Heildarskuldir Gandí ehf. námu 330 milljónum króna. Frá sjónarhóli Vinnslustöðvarinnar hf. var sameining við Gandí ehf. góður kostur. Arðsemi hluthafa Vinnslustöðvarinnar hf. af sameiningunni á samkvæmt mati stjórnenda félagsins að vera yfir þeirri ávöxtunarkröfu sem hlutabréfamarkaðurinn gerir til hlutafjár í Vinnslustöðinni.

HLUTHAFAR

Heildarviðskipti með hlutabréf Vinnslustöðvarinnar hf. námu 2.657 milljónum króna að markaðsvirði, þar af 216 milljónum króna á Verðbréfaþingi Íslands.

Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. á Verðbréfaþingi Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 2,4 en í lok rekstrarársins var það 2,6. Hæst fór gengið á tímabilinu í 3,0 í júlí en var lægst skráð 2,0 í nóvember. Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 588 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 458 og hafði því fækkað um 130 á árinu. Fjórir hluthafar áttu yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Olíufélagið hf. með 17,79% hlutafjár, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hf. með 12,47%, Vátryggingarfélag Íslands með 12,41% og Kap ehf. með 12,31% hlutafjár.

Þróun gengis
hlutabréfa í
Vinnslustöðinni hf.
á síðastliðnu
rekstrarári.





Guðný Ármannsdóttir saltar ufsa.



Perla Kristinsdóttir og Dröfn Sigurbjörnsdóttir, starfsmenn í loðnuvinnslu.



Marta Pálsdóttir, Sólrún Bragadóttir, Margrét Sigurbjörnsdóttir og Dóra Kolbeinsdóttir fletja fisk.

AFLABRÖGÐ OG ÚTGERÐ

AFLABRÖGÐ

Á liðnu rekstrarári var heildarafli skipa félagsins 71.000 tonn en var 59.000 tonn árið áður. Aukningin frá fyrra ári er því 12.000 tonn eða 20% og má rekja hana til þess að afli skipa félagsins í loðnu, kolmunna og síld var 62.000 tonn á móti 49.000 tonnum, sem er 13.000 tonnum meira en árið áður.

Aflaverðmætið var 1.042 milljónir króna en var 950 milljónir króna á fyrra ári, sem er 9,5% aukning. Framlegð upp í sameiginlegan kostnað, afskriftir og vaxtagjöld nam alls 209 milljónum króna eða 20% af tekjum. Á fyrra rekstrarári var sambærileg framlegð 152 milljónir króna eða tæplega 16% af tekjum.

Af heildaraflaverðmæti skipanna var aflu að verðmæti 633 milljónir króna landað til vinnslu hjá Vinnslustöðinni hf. eða 61%. Til samanburðar nam verðmæti landaðs aflu af eigin

skipum 671 milljónum króna eða 65% af heildartekjum á fyrra rekstrarári.

ÚTGERÐ

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: Netabátinn Brynjólf ÁR 3, línubátinn Gandí VE 171, togbátinn Drangavík VE 80, togarann Jón Vídalín ÁR 1 og nótaskipin Kap VE 4 og Sighvat Bjarnason VE 81.

Afli Brynjólfs ÁR var 1.900 tonn að verðmæti 165 milljónir króna. Gandí VE fiskaði 1.165 tonn að verðmæti 126 milljónir kr. Drangavík VE fiskaði fyrir 210 milljónir króna, alls 2.313 tonn. Jón Vídalín ÁR aflaði alls 3.351 tons að verðmæti 235 milljóna króna. Kap VE fiskaði 23.127 tonn og aflaverðmætið var 115 milljónir króna. Heildarafli Sighvats Bjarnasonar VE á árinu var 39.147 tonn og aflaverðmætið 191 milljón króna.

Afli og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

	1999-2000		1998-1999	
	Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús. kr.
Brynjólfur ÁR 3.....	1.901	165.088	1.752	150.375
Gandí VE 171	1.165	126.160		
Danski-Pétur VE 423.....			1.453	120.908
Drangavík VE 80.....	2.313	210.121	2.478	202.791
Jón Vídalín ÁR 1.....	3.351	235.062	3.951	231.914
Kap VE 4.....	23.127	114.977	22.145	116.411
Sighvatur Bjarnason VE 81	39.147	190.742	26.880	128.059
Alls.....	71.004	1.042.150	58.659	950.458



Jakob Möller, Víkingur Smáráson, Þorsteinn Magnússon og Ingi Júlíusson bera saman bækur sínar.



Pálína Björk Jóhannsdóttir, Kristín Jóna Stefánsdóttir, Sólrún Bragadóttir, Jakobína Sigurbjörnsdóttir og Þórhildur Guðmundsdóttir snyrta ufsaflök fyrir sóltun.



Særún Kristinsdóttir í loðnuvinnslu.



Bjarni Árnason í Túni.

Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.

	Tonn	2000-2001		Tonn	1999-2000	
		Borsk- ílgildi	% af úthlutun		Borsk- ílgildi	% af úthlutun
Botnfiskheimildir						
Borskur	4.120	4.120	2,3033%	4.082	4.082	2,0003%
Ýsa.....	718	826	2,9402%	755	868	2,5426%
Ufsi.....	1.309	851	5,1675%	1.129	734	4,6064%
Karfi.....	2.998	1.799	5,2593%	3.143	1.886	5,2335%
Steinbítur	129	90	1,0680%	74	52	0,6135%
Úthafskarfi	70	39	0,1566%	70	38	0,1566%
Grálúða.....	352	616	1,9125%	176	308	1,9120%
Skarkoli.....	95	104	2,5732%	37	41	1,2534%
Sandkoli.....	207	103	4,0856%	108	54	1,6696%
Skrápflúra	150	75	3,2705%	21	17	1,2603%
Þykkvalúra	37	50	2,8525%	59	30	1,5972%
Langlúra.....	33	26	3,2692%	21	28	1,8826%
Bolfiskur alls.....	10.218	8.699		9.675	8.138	
Aðrar veiðiheimildir						
Humar.....	41	277	11,0379%	39	267	10,6513%
Rækja.....	19	17	0,0941%	0	0	0,0000%
Síld	6.100	366	5,5455%	5.545	665	5,5455%
Loðna.....	21.090	633	5,0483%	45.007	2.250	5,0483%
Aðrar veiðiheimildir alls.....	27.250	1.293		50.591	3.182	
Veiðiheimildir alls	37.468	9.992		60.266	11.320	



Þorsteinn Guðjónsson, Sigurjón Tómasson og Sverrir Guðnason salta ufsaflök.

AFLAHEIMILDIR OG FRAMLEIÐSLA

AFLAHEIMILDIR

Bolfiskaflaheimildir félagsins fyrir nýhafið rekstrarár eru 8.699 þorskígildistonn en voru 8.138 þorskígildistonn á rekstrarárinu 1999-2000. Aflaheimildir í uppsjávarfiski og humri eru 1.293 þorskígildistonn miðað við 418 þúsund tonna upphafsúthlutun í loðnu.

FRAMLEIÐSLA

Eins og fram hefur komið var áherslum í bolfiskvinnslu Vinnslustöðvarinnar breytt á síðari hluta síðasta rekstrarárs. Nú er megináhersla lögð á söltun á þorski og ufsa. Frostfiskur hf. í Þorlákshöfn, hlutdeildarfélag Vinnslustöðvarinnar hf., tekur ýsu og þorsk sem ekki hentar til söltunar í Vestmannaeyjum í sína hefðbundnu vinnslu en þar eru framleidd fersk flök auk frystra afurða. Þá er unninn karfi auk vertíðarvinnslu á humri, síld og loðnu. Í raun má segja að framleiðslan byggist á vertíðum árið um kring því að hver vertíðin rek-

ur aðra. Þegar loðnuvertíð lýkur er netavertíðin komin á skrið. Þegar netaveiði minnkar tekur við humar- og karfavinnsla og stendur fram að síldarvertíð sem hefst seinni hluta októbermánaðar og stendur fram á vetur.

Heildarafurðamagn í saltfiskvinnslunni á rekstrarárinu var um 2.000 tonn. Skiptist það í flattan þorsk, flattan ufsa og ufsaflök. Frysting loðnuafurða var heldur meiri en á fyrra rekstrarári en alls voru fryst um 1.000 tonn af loðnu og 1.400 tonn af loðnuhrognum og fór megnið af framleiðslunni á Japansmarkað sem fyrr. Karfavinnsla var hefðbundin en alls voru framleidd um 600 tonn af karfaflökum á rekstrarárinu.

Humarvinnsla gekk samkvæmt áætlun. Mest er framleitt af humri á tímabilinu maí-júlí en tilraunir hafa verið gerðar með að lengja veiðitímabilið fram á haust og hefur það gefið þökkalega. Ekki var unnin síld hjá Vinnslustöðinni hf. á rekstrarárinu en hluti af síldinni fór til vinnslu í Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

Heildarframleiðsla landvinnslu

	1999-2000		1998-1999	
	Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús. kr.
Saltaðar afurðir.....	2.040	551.294	1.733	487.083
Landfrystar bolfiskafurðir.....	994	329.350	2.188	790.544
Frysting uppsjávarfiska.....	2.414	271.597	962	96.957
Humar.....	98	86.964	110	81.282
Annað.....			418	27.385
Alls.....	5.546	1.239.205	5.411	1.483.251



Hlynur Ágústsson og Guðjón Emil Sveinsson landa fiski úr Jóni Vídalín í gáma.

HORFUR OG BRÆÐSLA

HORFUR

Söluhorfur á þeim bolfiskafurðum sem Vinnslustöðin framleiðir eru góðar um þessar mundir. Mikil spurn hefur verið eftir söltuðum þorski á Portúgalsmarkaði og spurn eftir ufsaafurðum hefur aukist frá því sem var á liðnu rekstrarári. Ekki er útlit fyrir að verð á loðnuafurðum á Japansmarkaði hækki á komandi vertíð. Nú á haustmánuðum var aftur byrjað að frysta síld í Vinnslustöðinni en síldarvinnsla hefur legið niðri frá árinu 1997. Sem kunnugt er hefur síldarafurðaverð verið mjög lágt sl. 2 ár en líklegt er að botninum sé náð og eftirspurn hefur heldur aukist eftir því sem liðið hefur á haustið og afurðaverð hefur hækkað lítillega.

BRÆÐSLA

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins á rekstrarárinu 1999-2000 námu alls 583 milljónum króna en voru 596 milljónir króna á fyrra ári. Lækkun frá fyrra ári er því 13 milljónir króna.

Aðkeypt hráefni á rekstrarárinu 1999-2000 var 73.700 tonn en var 66.400 tonn árið áður. Aukning frá fyrra ári nam því 7.300 tonnum eða um 11%. Alls voru brædd 51.300 tonn af loðnu, 11.600 tonn af síld, 7.700 tonn af kolmunna og 3.100 af fiskúrgangi. Mjöl- og lýsisverð var áfram lágt á rekstrarárinu og skýrir það rýrar tekjur af mjöl- og lýsisvinnslu. Ekki eru horfur á að afurðaverð hækki á næstu misserum. Þá hafði hækking olíuverðs á rekstrarárinu neikvæð áhrif á rekstur fiskimjölsverksmiðjunnar.

Framleiðsla fiskimjöls og lýsis

Tegund

	1999-2000 Tonn	1998-1999 Tonn
Fiskimjöl.....	259	517
Loðnumjöl.....	8.352	7.300
Síldarmjöl.....	2.749	3.210
Kolmunnamjöl.....	1.670	1.335
Loðnulýsi.....	3.444	2.100
Síldarlýsi.....	1.643	1.572
Kolmunnalýsi.....	73	165
Alls.....	18.190	16.199



Sjávarútvegsráðherra og tveir af þingmönnum Sunnlendinga í heimsókn í Vinnslustöðinni sumarið 2000. Frá vinstri: Árni Johnsen, alþingismaður, Drífa Hjartardóttir, alþingismaður, Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri, og Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.



Kap VE 4, smíðuð í Garðabæ árið 1968.



Drangavík VE 80, smíðuð í Portúgal árið 1991.



Brynjólfur ÁR 3, smíðaður í Noregi árið 1962.

ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Tap af rekstri félagsins á árinu var rúmar 256 milljónir króna og leggur stjórn félagsins til að tapið verði flutt til næsta árs.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 458 en voru 588 í upphafi árs. Fjórir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Olíufélagið hf. með 17,79%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 12,47%, Vátryggingafélag Íslands með 12,41% og Kap hf. með 12,31%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. október 2000

Í stjórn:


Geir Magnússon, formaður


Kristinn Hallgrímsson


Viktor Berg Helgason


Benedikt Sigurðsson


Gunnlaugur Ólafsson

Framkvæmdastjóri:


Sturgeir Brynjar Kristgeirsson

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 1. september 1999 til 31. ágúst 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu sem lauk 31. ágúst 2000, efnahag þess 31. ágúst 2000, og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 31. október 2000

Deloitte & Touche hf.


Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi


Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. 9. 1999 til 31. 8. 2000

	Skýr.	1.9.99-31.8.00	1.9.98-31.8.99
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur fiskvinnslu		1.852.914.227	2.073.558.094
Rekstrartekjur útgerðar		1.117.533.054	1.026.060.574
Afli til eigin vinnslu		(632.594.974)	(671.026.575)
Aðrar tekjur		<u>35.358.369</u>	<u>45.617.746</u>
		<u>2.373.210.676</u>	<u>2.474.209.839</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld fiskvinnslu		1.584.776.853	2.101.899.217
Rekstrargjöld útgerðar		852.310.351	815.414.081
Afli til eigin vinnslu		(632.594.974)	(671.026.575)
Stjórnunarkostnaður		<u>67.849.668</u>	<u>122.908.139</u>
		<u>1.872.341.895</u>	<u>2.369.194.862</u>
Hagnaður fyrir afskriftir		500.868.781	105.014.977
Afskriftir fastafjármuna	2,3	<u>(418.057.833)</u>	<u>(442.892.851)</u>
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir aðrar tekjur og gjöld		82.810.948	(337.877.874)
Aðrar tekjur og gjöld			
Aðrar tekjur		19.000.000	0
Önnur gjöld	18	<u>(102.875.226)</u>	<u>(231.505.321)</u>
		<u>(83.875.226)</u>	<u>(231.505.321)</u>
Rekstrartap		(1.064.278)	(569.383.195)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1,17	<u>(255.095.000)</u>	<u>(273.063.711)</u>
Tap af reglulegri starfsemi fyrir skatta		(256.159.278)	(842.446.906)
Skattar			
Eignarskattur	11	<u>0</u>	<u>(8.189.540)</u>
		<u>0</u>	<u>(8.189.540)</u>
Tap ársins		<u><u>(256.159.278)</u></u>	<u><u>(850.636.446)</u></u>

Efnahagsreikningur

		Eignir	
		Skýr.	
		31. 8. 2000	31. 8. 1999
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Varanlegar fiskveiðiheimildir	2	<u>846.032.932</u>	<u>844.166.536</u>
		846.032.932	844.166.536
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir og lóðir	3,4	810.553.699	831.375.199
Skip og fylgihlutir		2.007.086.391	1.680.818.350
Vélar og framleiðslutæki		<u>755.535.082</u>	<u>844.289.890</u>
		3.573.175.171	3.356.483.439
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	164.989.744	153.668.000
Eignarhlutar í öðrum félögum	5	93.320.048	100.708.065
Stofnsjóðir og bundnar innistæður		738.352	2.638.238
Lán til hlutdeildarféлага		225.066.859	225.368.405
Verðbréf		<u>25.818.315</u>	<u>28.551.818</u>
		509.933.318	510.934.526
		<u>4.929.141.421</u>	<u>4.711.584.501</u>
Fastafjármunir			
Veltufjármunir			
Vörubirgðir			
Afurða- og hráefnisbirgðir	6	108.981.355	165.837.372
Veifaræra- og rekstrarvörubirgðir		<u>181.811.243</u>	<u>170.456.855</u>
		290.792.598	336.294.227
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		141.946.790	302.907.719
Kröfur á hlutdeildarfélög		58.079.623	193.451.412
Ógreiddar afskipaðar afurðir		47.061.943	69.881.688
Aðrar skammtímakröfur		29.686.235	10.825.244
Fyrirframgreiddur kostnaður		<u>18.914.516</u>	<u>24.281.719</u>
		295.689.107	601.347.782
Verðbréf og eignarhlutar			
Verðbréf		<u>1.255.151</u>	<u>9.936.644</u>
		1.255.151	9.936.644
Handbært fé			
Innstæður í innlánsstofnunum		<u>26.628.702</u>	<u>20.728.526</u>
		26.628.702	20.728.526
		<u>614.365.558</u>	<u>968.307.179</u>
		<u>614.365.558</u>	<u>968.307.179</u>
		<u>5.543.506.979</u>	<u>5.679.891.680</u>
		<u>5.543.506.979</u>	<u>5.679.891.680</u>
Eignir			

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31. 8. 2000	31. 8. 1999
Eigið fé	7,8		
Hlutfé		1.565.000.000	1.324.925.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		451.600.457	451.600.457
Endurmatsreikningur		294.863.801	428.845.264
Lögbundinn varasjóður		70.635.696	59.800.000
Óráðstafað eigið fé		<u>(841.517.007)</u>	<u>(568.288.340)</u>
Eigið fé		<u>1.540.582.948</u>	<u>1.696.882.382</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	9	<u>3.044.561.027</u>	<u>3.100.185.496</u>
		<u>3.044.561.027</u>	<u>3.100.185.496</u>
Skammtímaskuldir			
Samþykktir víxlar og skuldabréfalán.....		0	32.904.428
Skuldir við lánastofnanir.....		268.811.234	57.141.564
Viðskiptaskuldir		180.671.431	271.194.464
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	10	428.016.432	402.625.000
Reiknaðir skattar ársins.....	11	0	8.189.540
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>80.863.908</u>	<u>110.768.807</u>
		<u>958.363.004</u>	<u>882.823.802</u>
Skuldir		<u>4.002.924.031</u>	<u>3.983.009.298</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.543.506.979</u>	<u>5.679.891.680</u>

Sjóðstreymi 1. 9. 1999 til 31. 8. 2000

	Skýr.	1.9.99-31.8.00	1.9.98-31.8.99
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins		(256.159.278)	(850.636.446)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	2,3	418.057.833	442.892.851
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1	(136.560.392)	(110.112.161)
Gengismunur og verðbætur		148.263.594	141.516.784
Sölutap eigna		13.946.979	54.175.250
Veltufé frá rekstri		187.548.736	(322.163.722)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		45.501.629	30.981.158
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun)		314.340.168	143.706.720
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun		(128.617.472)	65.380.823
Handbært fé frá rekstri		418.773.061	(82.095.021)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í fasteignum		(11.569.125)	(42.760.000)
Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum		(93.646.197)	(148.867.660)
Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum		(29.605.634)	(106.364.387)
Fjárfest í eignarhlutum og skuldabréfum		0	(6.542.352)
Seldir fastafjármunir og langtímakröfur		37.182.936	177.726.364
Sameining við Gandí ehf.		(34.435.509)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(132.073.529)	(126.808.035)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný lán og afborganir langtímaskulda		(483.719.304)	188.321.946
Skammtímalán lækkun (lækkun)		178.765.242	2.994.382
Sameining við Gandí ehf.		24.154.706	0
Önnur breyting		0	9.706.065
Fjármögnunarhreyfingar		(280.799.356)	201.022.393
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		5.900.176	(7.880.663)
Handbært fé í upphafi árs		20.728.526	28.609.189
Handbært fé í lok árs		26.628.702	20.728.526

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er fyrir tímabilið frá 1. september 1999 til 31. ágúst 2000. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikningsskilavenju. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Framsetning annara tekna og gjalda er breytt í samræmi við reglu Reikningsskilaráðs nr. 5 um framsetningu óreglulega liða í rekstrarreikningi.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 4,68%. Þannig eru varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir endurmetnar með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til 31. ágúst 2000. Þeir varanlegu rekstrarfjármunir og þær óefnislegu eignir sem við bættust eða voru seldir eru endurmetnir miðað við eignarhaldstíma. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningstímabilsins og á breytingu þeirra innan ársins eru reiknuð og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 136.560.392. Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárlíða í efnahagsreikningi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Óefnislegar eignir

2. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Eignir þessar eru afskrifaðar um 6% árlega. Í ársreikningi fyrra árs voru sömu eignir afskrifaðar um 8% en gjaldfærðar afskriftir félagsins hefðu orðið 26 milljónum hærra ef sama afskriftarhlutfall hefði verið notað í ár. Óefnislegar eignir greinast þannig:

Stofnverð 1.9.1999.....	1.229.112.316
Endurmat á árinu.....	58.982.889
Viðbót vegna sameiningar við Gandí ehf.....	41.463.665
Viðbót á árinu.....	<u>17.596.437</u>
Stofnverð 31.8..2000.....	<u>1.347.155.307</u>
Afskrifað áður	384.945.780
Endurmat afskrifta	19.834.553
Viðbót vegna sameiningar við Gandí ehf.....	18.864.069
Afskrifað á árinu	<u>77.477.973</u>
Afskrifað samtals 31.8..2000.....	<u>501.122.375</u>
Bókfært verð 31.8..2000.....	<u><u>846.032.932</u></u>

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Stofnverð 1.9.1999.....	1.330.968.763	2.151.973.509	1.818.333.829	5.301.276.101
Endurmat á árinu.....	60.998.629	113.271.231	85.062.121	259.331.981
Selt á árinu.....	(97.410.866)		(74.089.402)	(171.500.268)
Viðbót vegna sameiningar við Gandí ehf.....	11.104.133	422.161.949	2.875.720	436.141.802
Viðbót á árinu.....	11.569.125	76.049.760	32.205.634	119.824.519
Stofnverð 31.8.2000	1.317.229.784	2.763.456.449	1.864.387.902	5.945.074.135
Afskrifað áður	499.593.564	471.155.159	974.043.939	1.944.792.662
Endurmat afskrifta	23.042.136	27.461.010	47.626.341	98.129.487
Selt á árinu.....	(70.105.965)		(54.638.868)	(124.744.833)
Viðbót vegna sameiningar við Gandí ehf.....	3.165.061	109.340.639	636.088	113.141.788
Afskrifað á árinu	50.981.289	148.413.251	141.185.320	340.579.860
Afskrifað samtals 31.8.2000.....	506.676.085	756.370.058	1.108.852.820	2.371.898.964
Bókfært verð 31.8.2000	810.553.699	2.007.086.391	755.535.082	3.573.175.171
Afskriftarhlutföll	4%	6%	12-20%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu og færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	340.579.860
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 2	77.477.973
	<u>418.057.833</u>

4. Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	590.230.000	1.555.254.000	810.553.699
Skip og fylgihlutir.....		1.470.549.000	2.007.086.391
Vélar og framleiðslutæki.....		1.690.886.000	755.535.082
	<u>590.230.000</u>	<u>4.716.689.000</u>	<u>3.573.175.171</u>

Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar félagsins í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru bókfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Flutningamiðstöð Vestmannaeyja hf.....	30,0%	1.650.000	1.727.208
Flúðafiskur ehf.....	32,3%	4.000.000	5.024.606
Frostfiskur ehf.....	40,0%	3.400.000	104.679.285
Ísalda hf.....	21,4%	43.230.000	45.252.855
Meitillinn ehf.....	100,0%	1.000.000	1.046.793
Nethamar ehf.....	22,1%	3.669.205	4.131.180
Pf. Guldrangur, Færeyjum.....	32,5%	DKK 26.000	1.034.231
Steini og Olli - byggingaverktakar ehf.....	23,3%	2.000.000	2.093.586
			<u>164.989.744</u>

Eignarhlutar í öðrum félögum:

Byr ehf.....		88.956	2.175.514
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.....	2,8%	329.000	344.395
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.....	8,3%	2.410.000	4.249.979
Ísfélag Þorlákshafnar hf.....	6,1%	828.527	1.684.695
Framleiðendur ehf.....	5,9%	4.705.882	4.926.084
Sigmund hf.....	16,7%	1.000.000	1.046.793
SÍF hf.....		3.229.930	19.018.434
Stakkur ehf.....	14,3%	500.000	523.396
Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.....	14,0%	56.000.000	58.808.433
Aðrir eignarhlutar (alls 5 félög).....		466.733	542.325
			<u>93.320.048</u>
			<u>258.309.792</u>

Birgðir

6. Birgðir afurða eru metnar á áætluðu kostnaðarverði, sem tekur mið af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Framleiðslukostnaður afurðabirgða í heild er ákvarðaður sem meðalframleiðslukostnaður allra birgða af sama tagi. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

Afurða- og hráefnisbirgðir greinast þannig:

Frystar afurðir	14.373.151
Saltfisksbirgðir.....	6.952.600
Loðnubirgðir.....	45.984.644
Mjól- og lýsisbirgðir.....	40.289.388
Humarbirgðir.....	281.572
Hráefnisbirgðir.....	1.100.000
	<u>108.981.355</u>

Veidarfæra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

Veidarfærabirgðir.....	114.413.461
Rekstrarvörubirgðir.....	67.397.782
	<u>181.811.243</u>

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 560 milljónir króna og veidarfæri og aflri skipa var tryggtur fyrir 163 milljónir króna.

Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veidarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

Skýringar

Eigið fé

7. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

8. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári	1.324.925.000	451.600.457	428.845.264	59.800.000	(568.288.339)
Sameining við Gandí ehf.....	240.075.000		(236.282.495)	10.835.696	9.526.505
Endurmat fastafjármuna			200.370.006		
Endurmat eignarhluta í félögum.....			11.895.524		
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga			(136.560.392)		
Tap ársins.....					(256.159.278)
Endurmat eiginfjárliða.....			26.595.894		(26.595.894)
	<u>1.565.000.000</u>	<u>451.600.457</u>	<u>294.863.801</u>	<u>70.635.696</u>	<u>(841.517.007)</u>

Langtímaskuldir

9. Yfirlit langtímaskulda:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD.....	828.093.033
Skuldir í JPY.....	570.907.415
Skuldir í GBP.....	438.139.204
Skuldir í CHF.....	302.633.157
Skuldir í EUR.....	710.656.705
Skuldir í DKK.....	68.026.000
Skuldir í NOK.....	50.599.903
Skuldir í öðrum myntum.....	27.836.971
	<u>2.996.892.388</u>
Skuldir í íslenskum krónum	475.685.071
	<u>3.472.577.459</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(428.016.432)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi	<u>3.044.561.027</u>

Skýringar

10. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 1.9.00 til 31.8.01.....	428.016.432
Afborganir 1.9.01 til 31.8.02.....	688.544.073
Afborganir 1.9.02 til 31.8.03.....	506.624.902
Afborganir 1.9.03 til 31.8.04.....	450.310.580
Afborganir 1.9.04 til 31.8.05.....	332.639.184
Afborganir síðar	<u>1.066.442.288</u>
	<u>3.472.577.459</u>

Skattamál

11. Skattar á afkomu ársins og eignir í lok þess sem lagðir verða á félagið á árinu 2001 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs, ónotaðs, skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok er 2.075 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu átta ára eftir að tapið myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði 1.9.2000 til 31.8.2001.....	131.374.318
Frá hagnaði 1.9.2001 til 31.8.2002.....	539.442.229
Frá hagnaði 1.9.2003 til 31.8.2004.....	167.327.499
Frá hagnaði 1.9.2004 til 31.8.2005.....	38.526.485
Frá hagnaði 1.9.2006 til 31.8.2007.....	902.191.732
Frá hagnaði 1.9.2007 til 31.8.2008.....	<u>295.864.977</u>
	<u>2.074.727.240</u>

Ábyrgðir og veðsetningar

12. Ábyrgðir utan efnahags nema um 6,9 milljónum króna.

13. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 1.797 milljónir króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 1.721 milljón króna. Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Tryggingar- bréf	Bókfært verð eigna
Fiskiskipt og veiðiheildir.....	1.109.587.471	1.453.721.000	2.853.119.323
Fasteignir og lóðir.....	<u>687.607.684</u>	<u>267.500.000</u>	<u>810.553.699</u>
	<u>1.797.195.155</u>	<u>1.721.221.000</u>	<u>3.663.673.021</u>

14. Félagið hefur gert framvirka samninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Skuldbindingar og kröfur vegna þeirra eru bókfærðar í ársreikninginn miðað við markaðsverð í lok ársins. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í lok ársins eru að verðmæti 1623 milljónir króna, þar af hefur samningum að markaðsverði um 880 milljónir verið lokað.

Önnur mál

15. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 929 milljónum króna.

Skýringar

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	<u>1.9.99-31.8.00</u>	<u>1.9.98-31.8.99</u>
Laun	721.495.263	946.982.917
Launatengd gjöld	<u>107.526.150</u>	<u>128.213.548</u>
	<u>829.021.414</u>	<u>1.075.196.465</u>
Meðalfjöldi starfa	175	290

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu námu 35,4 milljónum króna.

17. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	<u>1.9.99-31.8.00</u>	<u>1.9.98-31.8.99</u>
Vaxtatekjur	4.634.247	11.033.019
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður	<u>263.161</u>	<u>421.102</u>
	<u>4.897.408</u>	<u>11.454.121</u>
Vaxtagjöld	(246.800.614)	(253.819.373)
Gengismunur og verðbætur.....	<u>(149.752.186)</u>	<u>(140.810.620)</u>
	<u>(396.552.800)</u>	<u>(394.629.993)</u>
Reiknaðar tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga	<u>136.560.392</u>	<u>110.112.161</u>
	<u>(255.095.000)</u>	<u>(273.063.711)</u>

18. Meðal annara gjalda er færð niðurfærsla vegna kröfu Vinnslustöðvarinnar hf. á hlutafélagið Pf. Guldrang í Færeyjum að fjárhæð 85 milljónir. Stjórnendur Vinnslustöðvarinnar hf. standa í samningaviðræðum um sölu á Pf. Guldrangi og ef af þeirri sölu verður kemur Vinnslustöðin hf. til með að lækka kröfur á hendur Pf. Guldrangi um ofangreinda fjárhæð. Niðurfærslan hefur áhrif til lækkunar á veltufé frá rekstri um sömu fjárhæð.

19. Úthlutaðar veiðheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu frá 1.9.2000 til 31.8.2001 eru eftirfarandi:

	Aflahlutdeild í prósentum	Aflamark í tonnum	Aflamark í þorskígildis tonnum
<u>Veiðheimildir í botnfiski</u>			
Þorskur.....	2,3033%	4.120	4.120
Ýsa.....	2,9402%	718	826
Ufsi.....	5,1675%	1.309	851
Karfi.....	5,2593%	2.998	1.799
Úthafskarfi.....	0,1566%	70	39
Steinbítur.....	1,0680%	129	90
Grálúða.....	1,9125%	352	616
Skarkoli.....	2,5732%	95	104
Sandkoli.....	4,0856%	207	103
Skrápflúra.....	3,2705%	150	75
Þykkvalúra.....	2,8525%	37	50
Langlúra.....	3,2692%	33	26
		10.218	8.699
<u>Aðrar veiðheimildir</u>			
Síld.....	5,5455%	6.100	366
Loðna.....	5,0483%	21.090	633
Humar.....	11,0379%	41	277
Rækja.....	0,0941%	19	17
		27.250	1.293
Aflaheimildir alls.....		37.468	9.992

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við upphafsúthlutun um 418 þúsund tonna heildarafla.

Skip í eigu félagsins fengu úthlutað aflamarki úr norsk - íslenska síldarstofninum á síðustu vertíð samtals 7.589 tonnum.

Þorskveiðheimildir félagsins í Barentshafi eru alls 1,17% eða um 106 tonn.

Sjóðstreymi

20. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	1999 / 2000	1998 / 9	1997 / 8	1996 / 7	1995 / 6
Afkoma ársins.....	(256.159.278)	(850.636.446)	20.580.037	99.065.195	597.689.118
Afskriftir.....	418.057.833	442.892.851	479.241.855	465.409.338	287.946.124
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....	(136.560.392)	(110.112.161)	(38.286.128)	(53.528.284)	(149.410.836)
Verðbreytingar langtímaskulda.....	148.263.594	141.516.784	(78.044.600)	(35.928.733)	6.375.715
Aðrar breytingar.....	13.946.979	54.175.250	(167.097.956)	(381.503.324)	(514.258.792)
Hreint veltufé frá rekstri	187.548.736	(322.163.722)	216.393.208	93.514.192	228.341.329
Breyting á: Rekstrartengdum eignum.....	359.841.797	174.687.878	65.501.880	211.338.845	(25.836.241)
Rekstrartengdum skuldum.....	(128.617.472)	65.380.823	53.882.054	(229.400.183)	(216.618.188)
Handbært fé frá rekstri	418.773.061	(82.095.021)	335.777.142	75.452.854	(14.113.100)

Kennitölur

21. Úr rekstrarreikningi	1999 / 2000	1998 / 9	1997 / 8
Afkoma fyrir afskriftir / rekstrartekjur.....	21,11%	4,24%	12,46%
Afkoma af reglulegri starfsemi f. skatta / rekstrartekjur.....	(10,79%)	(34,05%)	(4,05%)
Afkoma ársins / rekstrartekjur.....	(10,79%)	(34,38%)	0,59%
Arðsemi eigin fjár.....	(15,10%)	(34,65%)	0,81%

22. Úr efnahagsreikningi	31.8 2000	31.8 1999	31.8 1998
Veltufjórhlutfall - veltufjórmunir/skammtímaskuldir	0,64	1,10	1,30
Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildarfjórarmagn	27,79%	29,88%	40,47%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	0,98	1,28	1,85

23. Úr sjóðstreymi ársins:			
a) Skuldaþekja handbærs fjár.....	0,10	(0,02)	0,09
b) Gæði sölunnar	1,13	1,00	0,94
c) Gæði afkomunnar	(1,63)	0,10	16,32

a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir
b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur
c) Handbært frá rekstri / afkoma



Umsjón og umbrot: Athygli

Hönnun forsiðu: Hennar Hátígn

Ljósmyndir: Sigurgeir Jónasson

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún hf.